

Nr. 638.

1040

9. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

### um hækkun hafnagjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr., sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast gildi hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinna hafnarsjóða, þannig að gjöld samkvæmt þeim verði þau sömu og nú gilda hjá þeim hafnarsjóðum er greinir í auglýsingu nr. 563 19. október 1981.

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerð nr. 388/1977 og 21/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskauptúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 52/1978.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 47/1981.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 59/1981.

Prátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskráum.

*Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1981.*

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

*Birgir Guðjónsson.*

Nr. 639.

5. nóvember 1981.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 271/1979, um Orðabók Háskólans.

#### 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Stjórn Orðabókar Háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal kosin af háskólaráði, að fengnum tillögum heimspekideildar, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Rektor skipar einn þeirra formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

#### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1981.*

Ingvar Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*